



## Bæjarráð Reykjanesbæjar

Tjarnargötu 12  
230 Reykjanesbær

Reykjanesbær, 18. mars 2020  
Mál nr. 2019120104

### Efni: Reglur um félagsþjónustu Reykjanesbæjar – þjónusta við fatlað fólk.

#### Greiðslur til stuðningsfjölskyldna fatlaðra barna.

Á fundi velferðarráðs 12 febrúar 2020 voru kynntar tillögur að breytingum á 8. kafla reglna um félagslega þjónustu í Reykjanesbæ hvað varðar þjónustu stuðningsfjölskyldna fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra.

Velferðarráð fól forstöðumanni fjölskyldumála og sviðsstjóra velferðarsviðs að útfæra tillögurnar nánar og leggja fyrir fund velferðarráðs 11 mars 2020. Ástæða endurskoðunar er m.a. töluverður munur á milli sveitarfélaga á greiðslum til stuðningsfjölskyldna.

Samkvæmt reglum Reykjanesbæjar 8.4.10 greiðir velferðarsvið stuðningsfjölskyldum

„fyrir hvern sólarhring sem barn dvelur hjá fjölskyldunni. Greiðslur eru stigskiptar eftir umfangi fötlunar og umönnunarpörf. Stuðst er við umönnunarmat frá Tryggingastofnun ríkisins og þá flokkun sem fram kemur í reglugerð þar að lútandi. Fjárhæð er ákvörðuð af velferðarráði Reykjanesbæjar. Greiðslur til stuðningsfjölskyldna eru skattskyldar verktakagreiðslur en draga má frá kostnað samkvæmt reglum Ríkisskattstjóra. „

Teknar voru saman upplýsingar um greiðslur til stuðningsfjölskyldna í nágrannasveitarfélögunum og hjá Akureyrarbæ sem er af svipaðri stærðargráðu sem fylgja hér með.

| Sveitarfélag   | Stuðningsfjölskylda | Um.fl. 1  | Um.fl. 2  | Um.fl. 3  |
|----------------|---------------------|-----------|-----------|-----------|
| Reykjavík      | Upphæð. á sólarhr.  | 38.915 kr | 30.115 kr | 23.190 kr |
| Seltjarnarnes  | Upphæð. á sólarhr.  | 38.915 kr | 30.115 kr | 23.190 kr |
| Árborg         | Upphæð. á sólarhr.  | 35.000 kr | 30.000 kr | 25.000 kr |
| Hafnarfjörður  | Upphæð. á sólarhr.  | 30.926 kr | 24.009 kr | 22.419 kr |
| Akranes        | Upphæð. á sólarhr.  | 29.207 kr | 25.771 kr | 17.181 kr |
| Grindavíkurbær | Upphæð. á sólarhr.  | 22.000 kr | 18.000 kr | 14.000 kr |
| Akureyri       | Upphæð. á sólarhr.  | 21.500 kr | 19.000 kr | 17.000 kr |
| Suðurnesjabær  | Upphæð. á sólarhr.  | 17.181 kr | 17.181 kr | 17.181 kr |
| Reykjanesbær   | Upphæð. á sólarhr.  | 16.000 kr | 16.000 kr | 12.000 kr |

Lagt var til við velferðarráð að greiðslur til stuðningsfjölskyldna yrði greiddar sem hlutfall af meðlagsgreiðslum, en greiðslur yrðu áfram stigskiptar eftir umfangi fötlunar og umönnunarpörf.



Í tillögunni er lagt til að greitt verði fyrir hvern sólarhring  $\frac{1}{2}$  meðlag til stuðningsfjölskyldna vegna barna í umönnunarflokki 3 og sú greiðsla fær til samræmis við greiðslur stuðningsfjölskyldna í barnavernd. Í öðrum umönnunarflokkum verði hlutfall greiðslna 0,75 af fullu meðlagi eins og það er á hverjum tíma vegna barna í umönnunarflokki 2 og hlutfallið sé 0,85 af fullu meðlagi eins og það er á hverjum tíma vegna barna í umönnunarflokki 1.

| Sveitarfélag   | Stuðningsfjölskylda | Um.fl. 1  | Um.fl. 2  | Um.fl. 3  |
|----------------|---------------------|-----------|-----------|-----------|
| Reykjavík      | Upphæð. á sólarhr.  | 38.915 kr | 30.115 kr | 23.190 kr |
| Seltjarnarnes  | Upphæð. á sólarhr.  | 38.915 kr | 30.115 kr | 23.190 kr |
| Árborg         | Upphæð. á sólarhr.  | 35.000 kr | 30.000 kr | 25.000 kr |
| Hafnarfjörður  | Upphæð. á sólarhr.  | 30.926 kr | 24.009 kr | 22.419 kr |
| Reykjanesbær   | Upphæð. á sólarhr.  | 30.230 kr | 26.647 kr | 17.783 kr |
| Akranes        | Upphæð. á sólarhr.  | 29.207 kr | 25.771 kr | 17.181 kr |
| Grindavíkurbær | Upphæð. á sólarhr.  | 22.000 kr | 18.000 kr | 14.000 kr |
| Akureyri       | Upphæð. á sólarhr.  | 21.500 kr | 19.000 kr | 17.000 kr |
| Suðurnesjabær  | Upphæð. á sólarhr.  | 17.181 kr | 17.181 kr | 17.181 kr |

Þessar breytingar fela í sér að greiðslur til stuðningsfjölskyldna fatlaðra barna færast nær greiðslum á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Hækkunin er misjöfn eftir umönnunarflokkum allt frá 48-89%.

Á árinu 2020 er gert ráð fyrir því að 48 börn njóti þjónustu stuðningsfjölskyldna. Flest þessara barna eru í umönnunarflokki 2 og umönnunarflokki 3. Í fjárhagsáætlun ársins er gert ráð fyrir kr: 12.000.000 vegna þessarar þjónustu. Verði breytingar á greiðslum til stuðningsfjölskyldna skv. ofangreindu samþykktar er þörf á aukafjárveitingu að upphæð kr: 9.992.000 á ársgrundvelli

Velferðarráð lagði til að fundi sínum 11. Mars 2020 að breytingarnar yrðu samþykktar og vísar málinu til bæjarráðs.

Virðingarfyllt

Hera Ósk Einarsdóttir

Sviðsstjóri Velferðarsviðs